



Mat á gæðum skólastarfs

Innra mat – sjálfsmat

- Samantekt fyrir skólaárið 2020-2021

Inngangur

Lýðskólinn á Flateyri tók til starfa í september 2018 og hefur því nú lokið þremur starfsárum. Í júní 2019 voru samþykkt lög frá alþingi um lýðskóla á Íslandi, lög nr. 65/2019 og í framhaldi af því þurfa lýðskólar á Íslandi að sækja um viðurkenningu til Menntamálastofnunar til að fá að starfa sem lýðskóli. Skemmst er frá því að segja að Lýðskólinn á Flateyri var fyrstur skóla til að hljóta viðurkenningu MMS til að fá að starfa sem lýðskóli á grundvelli laga nr. 65/2019. Viðurkenninguna hlutum við í mars 2021 og höfum í framhaldi af því hafið formlegar viðræður við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um rekstur skólans til næstu þriggja ára.

Við mat á innra starfi skólans er fyrst og fremst unnið með gögn sem aflað er meðal nemenda og kennara, kennslumati nemenda og sjálfsmati kennara. Einnig er unnið með gögn sem aflað er meðal útskrifaðar nemenda um upplifun þeirra af náminu, félagslegri líðan, aðstöðu í skólanum og samskiptum við skólastjórnendur. Námskeiðslýsingar, skipulag námsins og námsskráin er metin út frá niðurstöðum kennslumats og sjálfsmats, þessir hlutir eru einnig metnir og skráðir í samtali kennara og skólastjórnenda að námskeiði loknu. Þessir þættir eru einnig metnir í samtali skólastjórnenda og nemenda eftir hverja önn þar sem dregnar eru saman upplýsingar um upplifun nemenda sem hópur, af hverju námskeiði fyrir sig og uppröðun þeirra á önninni og einnig samfélagslegri upplifun þeirra. Á skólaárinu 2020-2021 var svo í fyrsta sinn haldinn formlegur kennarafundur þar sem kennarar skólans ræddu skólastarfið, þeirra aðkomu að þróun náms og kennslu og samskipti við nemendur. Sá fundur varð til þess að ýmsar breytingar verða gerðar, og strax að loknum fundi varð strax sú breyting á að kennarar þeirra námskeiða

sem í gagni voru á hvorri braut um sig ákváðu að tengja brautirnar saman í einn dag. Það gekk mjög vel og var vel tekið af nemendum. Þessi breyting er því komin til að vera.

Skólastarfið gekk vel, sóttvarnarreglur og samkomutakmarkanir gerðu það þó að verkum að nemendur skólans og íbúar á Flateyri fengu ekki tækifæri til að kynnast og eiga í góðum samskiptum eins og til stóð. Í anda lýðskóla er samfélagsþátttaka mikilvægur hluti af gildum Lýðskólans á Flateyri. Rík áhersla er lögð á að nemendur og íbúar nærliggjandi sveitarfélaga vinni í náinni og virkri samvinnu að því að auðga mannlífið með því að efna til viðburða, blása til veislu, stuðla að samveru eða auka við þá þjónustu og afþreyingu sem býðst í hverju bæjarfélagi.

Ólíkt skólaárinu á undan þá náðum við þó að klára kennslu á skólaárinu, þurftum einungis að loka skólanum í tvo daga sem hafði ekki veruleg áhrif á starfsemina. Útskrift fór svo fram þann 1. maí 2021 eins og til stóð.

Vonir okkar standa til að á komandi skólaári verðum við laus við sóttvarnarreglur og þær hömlur sem heimsfaraldurinn hefur haft í för með sér, svo nemendur geti kynnst bæjarbúum, tekið þátt í daglegu lífi á staðnum og boðið bæjarbúum og öðrum vinum skólans á marga og fjölbreytta viðburði á vegum skólans.

Mikill tími fór í vinnslu umsóknar um viðurkenningu til MMS, en samhliða þeirri vinnu hófum við innleiðingu skráningarkerfisins MySchool, stefnt er á að innleiðingunni ljúki á haustönn 2021.

Einnig hófum við vinnu við að gera langtímaáætlun um innra mat við skólann, áætlun þessi er til 3ja – 5 ára og verður endurmetin sem slík áður en sá tími er á enda.

Skýrsla skólastjóra

Skólaárið 2020-2021 fór vel af stað, veður var gott og mikil gleði var í hópnum. Umsóknir fyrir skólaárið voru 62 í heildina, þar af 17 drógu umsókn sína baka, 12 var hafnað og 28 hófu nám á haustönn og 5 á vorönn. Nemendahópurinn á haustönn samanstóð af 13 körlum og 15 konum, 16 nemendur voru á námsbrautinni Hafið, fjöllin og þú og 12 nemendum á námsbrautinni Hugurinn, heimurinn og þú. Á vorönn samastóð nemendahópurinn af 13 körlum og 12 konum, 14 nemendur voru á námsbrautinni Hafið, fjöllin og þú og 11 nemendum á námsbrautinni Hugurinn, heimurinn og þú. Alls luku 32 nemendur námi, 20 nemendur luku heilu skólaári, 7 nemendur luku námi eftir haustönn og 5 eftir vorönn. Einn nemandi hætti námi á haustönn vegna veikinda.

Við skólann þetta skólaárið voru þrír fastir starfsmenn á skólaárinu, skólastjóri, kennslustjóri og verkefnastjóri. Kennarar voru allir lausráðnir verktakar en námskeið eru kennd í einnar til tveggja vikna lotum með nýjum kennara í hverri lotu. Að auki kom fjöldinn allur af nemendum og Flateyringum að vinnu við skólann með ýmsum hætti, flestir í einhvers konar sjálfböðavinnu en greitt var fyrir viðvik á borð við þrif á skólahúsnæði og ýmislegt viðhald.

Alls voru kennd 32 námskeið í skólanum á skólaárinu 2020-2021, 3 námskeið eru samkennd á báðum námsbrautum, 15 námskeið sérkennd á brautinni Hafið, fjöllin og þú og 14 á brautinni Hugmyndir, heimurinn og þú. Kennarar á þessum námskeiðum voru 27 auk 5 aðstoðarkennara.

Hægt er að lesa sér til um markmið skólans, skipulag og innihald námskeiða, kennara, áherslur í skólastarfi og annað sem skiptir máli inni á heimasíðu skólans: <https://lydflat.is/>.

Endurskoðun námsbrauta

Fyrir upphaf skólaársins 2020-2021 fór fram ítarleg endurskoðun á námskeiðum og uppröðun þeirra á námsbrautinni Hafið, fjöllin og þú. Námskeið sem ekki höfðu komið vel út skólaárið á undan voru felld út eða á þeim gerð grundvallarbreyting. Ný námskeið eins og Hornstrandir, Skyndihjálpi og björgunarstörf, Ísklifur, Brettið og brimið eru dæmi um ný og spennandi námskeið, námskeiðin Ferðaskipulag og leiðsögn og Með storminn í fangið eru dæmi um uppfærð og betrubætt eldri námskeið. Þessar breytingar bættu svo um munar gæði náms á námsbrautinni Hafið, fjöllin og þú. Endurskoðun á námsbrautinni Hugmyndir, heimurinn og þú stendur enn yfir, einhverjar breytingar verða gerðar á þeirri námsbraut fyrir komandi skólaár.

Gæðamat – innra matskerfi

Innra mat er fagleg ígrundun og greining á gögnum um skólastarfið þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrir fram ákveðnum markmiðum.

Markmið með mati á gæðum í skólastarfinu, markmið með innra mati er að veita upplýsingar um skólastarfið og þróun og árangur í starfinu. Mat á innra starfi skólans er fyrst og fremst í höndum skólastjórnenda.

Við innra mat er gerð greining á styrkleikum í skólastarfinu sem og áskorunum og tækifærum til breytinga og út frá þeim er gerð áætlun um úrbætur.

Unnið er út frá eftirfarandi spurningum:

- Hversu vel stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hverjir eru okkar styrkleikar og hvaða þætti þurfum við að bæta?
- Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Gögnum sem safnað er til grundvallar innra mati eru kennslukannanir meðal nemenda, sjálfsmat kennara, samtal við nemendur í lok annar þar sem litið er um öxl og svo könnun meðal útskrifaðra nemenda.

Kennslukönnun meðal nemenda

Kennslukönnun er þannig framkvæmd að kennslustjóri leggur spurningalista fyrir nemendur í lok hvers námskeiðs og er könnunin nafnlaus. Spurningalistinn inniheldur átta lokaðar spurningar þar sem svör eru sett upp á skalanum 1-5 (þar sem 1 þýðir „mjög lélegt“ og 5 þýðir „mjög gott“) og tvær opnar spurningar þar sem spurt er um annars vegar hvað nemendum finnst best við viðkomandi námskeið og hins vegar hvað þeim finnst að betur megi fara (Sjá spurningalista í viðauka 1). Þegar kennslustjóri hafði unnið úr kennslukönnun fyrir hvert námskeið voru niðurstöður sendar á kennara auk þess sem skólastjóri og kennslustjóri notuðu upplýsingarnar til að gera nauðsynlegar úrbætur þegar þess þótti þörf. Sjá samantekt á niðurstöðum skólaársins hér á eftir.

Sjálfsmat kennara

Sjálfsmat kennara á eigin kennslu og ýmsu því sem snýr að aðbúnaði til kennslu fór þannig fram að kennslustjóri átti fund með öllum kennurum í lok hvers námskeiðs þar sem farið var yfir staðlaðar spurninga í spurningalista auk þess að eiga almennt spjall um námskeiðið við kennara. Spurningalistinn inniheldur fimm lokaðar spurningar þar sem svör eru sett upp á skalanum 1-5 og þrjár opnar spurningar (Sjá spurningalista í viðauka 2). Að auki notuðu skólastjóri og kennslustjóri nupplýsingarnar til að gera nauðsynlegar úrbætur þegar þess þótti þörf. Sjá samantekt á niðurstöðum skólaársins hér á eftir.

Könnun meðal útskrifaðra nemenda

Könnun meðal útskrifaðra nemenda frá skólaárinu 2020-2021 var send rafrænt á tölvupósti til allra nemenda sem luku námi, annað hvort heilu ári eða eingöngu á einni önn. Alls fengu 32 nemendur könnunina senda, 17 svöruðu henni fyrir 1. júní, þegar svarfresti lauk (Sjá spurningalista í viðauka 3).

Niðurstöður úr þessari könnun eru nýttar til að bæta gæði náms og kennslu sem og að bæta aðbúnað í skólahúsnæðinu með tillit til kennslu og félagslífs nemenda fyrir utan skólatíma.

Til lengri tíma litið er áformað að gera könnun meðal útskrifaðra, fimm ár frá útskrift til að kanna meðal annars hvaða áhrif veran í skólanum hafði á lífið eftir skólann. Sjá samantekt á niðurstöðum könnunarinnar hér á eftir.

Samtal við nemendur í lok annar – Litið um öxl

Skólastjóri og kennslustjóri funda með nemendum í lok annar um önnina í heild sinni. Nemendur fá tækifæri til að koma hugmyndum og upplifun sinni á framfæri, ræða einstök mál, spyrja spurninga og svara spurningum skólastjórnenda. Svör og hugmyndir eru listaðar upp á töflu jafnóðum. Þessi gögn eru svo nýtt til mats á náminu í heild sem og til þess að bæta aðbúnað og líðan nemenda í skólanum og á nemendagörðum skólans.

Lagt er upp með fjórar spurningar þar sem nemendur eru beðnir um að fara yfir það sem upp úr stendur eftir önnina félagslega, hvaða námskeið þeim fannst áhugaverðust og kenndu þeim mest og hvað þau taka með sér yfir á næstu önn og út í lífið (Sjá spurningalista í viðauka 4).

Niðurstöður úr þessari könnun eru nýttar til að bæta gæði náms og kennslu og einnig til þess að bæta aðbúnað og félagslega líðan bæði í skólanum og á nemendagörðum skólans.

Umbótarferli

Umbótaferli byggir fyrst og fremst á styrkleikum skólans og áskorunum.

Styrkleikar skólans í dag eru helstir þeir að skipulag, gögn og námsskrá eru í góðum farvegi. Gögnum sem safnað er um viðhorf nemenda eru fjölbreytt og gefa góða mynd af upplifun nemenda af náminu og verunni í skólanum. Sjálfsmat kennara gefur góða mynd af því sem betur mætti fara í lok hvers námskeiðs sem og upplifun kennara af skólanum og nemendum hans.

Áskoranir skólans eru helstar þær að skólastarfið samanstendur af fjölmörgum stuttum námskeiðum þar sem hver kennari kemur í stuttan tíma að kenna sitt námskeið. Það veldur því að erfitt getur verið fyrir kennrar og nemendur að mynda tengsl, og kennarar eru oft að endurtaka efni sem aðrir kennarar hafa farið í gegnum. Til að minnka líkur á þessu höfum við komið á kennarafundum þar sem kennarar allra námskeiða og beggja brauta hittast og ræða saman um kennsluna og nemendahópinn. Þar fer fram samtal um hluti sem gefist hafa vel og eins þá sem ekki hafa virkað. Reynslan af þessu samtali kennara hefur þegar bætt skólastarfið, kennarar sem kenna á sitthvorri brautinni ræða saman áður en þeir hefja

kennslu og finna flöt á samtali á milli námskeiðanna með það í huga að fá nemendur beggja brauta til að vinna saman, einn eða tvo daga af námskeiðunum. Þessu var vel tekið af nemendahópnum.

En betur má ef duga skal, því hefur komið upp sú hugmyndin að á næsta skólaári yrði haldinn fundur með kennurum hvorra brauta með það í huga að bæta flæði námsins innan brautanna sem og að finna aðferðir, leiðir og lausnir sem bætt getur gæði náms og kennslu.

Önnur áskorun skólans er að ekki hefur verið fylgst nægilega vel með kennsluaðferðum, hvaða aðferðum er beitt eða því hvort þær eru nægilega fjölbreyttar. Leið til bóta er að setja viðmið um hlutfall kennsluhátta sem skilgreindar eru af skólanum í samræmi við stefnu skólans. Einnig þarf að kynna fyrir kennurum fjölbreyttar kennsluaðferðir og því hvað fjölbreyttar kennsluaðferðir geta gert fyrir gæði náms og kennslu. Á þessu skólaári hefur kennslustjóri fylgst með kennsluaðferðum sem kennara beita, fengið þá til að skoða hvaða aðferð þeir beita og hvers vegna. Á komandi skólaári verður kennurum svo kynntar ýmsra fjölbreyttar kennsluaðferðir og þeir aðstoðaði við að finna aðferð við hæfi og að þorðað að breyta og bæta kennsluaðferðir sínar. Kennsluaðferðir verða skráðar í kennsluáætlun af kennurum.

Mat á framvindu nemenda í námskeiðunum hefur ekki verið í umræðunni fram að fyrsta kennarafundinum, en þá hófst umræða um flæði á milli námskeiða og námsframvindu nemenda á milli námskeiða og anna. Með því að halda svo einnig kennarafundi fyrir brautirnar sér verður hægt að fylgjast markvissara með framvindu nemenda og grípa þá sem þurfa meiri aðstoð og hvatningu.

Með innleiðingu nemendaskráningarkerfis verður svo hægt að halda formlega utan um framvindu nemenda og byggja vel undir útskriftargögn þeirra. Í skoðun er enn einnig sá möguleiki að innleiða námskeiðishlutann af nemendabókhaldskerfinu sem gæfi kost á að halda rafrænt utan um námskeiðin, kennslukannanir og sjálfsmat kennara, líkt og á síðasta ári, en ákvörðun hefur ekki verið tekin þar sem innleiðingu skráningarkerfis er enn ekki lokið. Til stóð að ljúka innleiðingu skráningarkerfis á þessu skólaári en á því hefur orðið töf, stefnt er á að ljúka innleiðingu á komandi hausti.

Nemendabókhaldskerfi sem þetta gerir okkur kleift að skrá mætingu nemenda með formlegum hætti og einnig að halda utan um og skrá brottfall. Þar sem ekki er um að ræða formlegt námsmat í skólanum þá fylgjumst við vel með mætingu og skráum hana, reynum þannig að grípa nemendur sem missa úr námi og eiga þá hættu á að falla úr skóla. Ábyrgð nemenda á eigin námi þarf að vera skýr og þeim hjálpað við að standa undir þeirri ábyrgð.

Til að koma til móts við nemendur sem þurfa aðstoð með námið og lífið í skólanum gerðum við samning við fyrirtækið Ásgarður í skýjunum, sem sérhæfir sig í faglegum stuðningi við fræðsluaðila með það að markmiðið að auka gæði í námi og starfi. Ásgarður sá okkur fyrir náms- og starfsráðgjafa sem hitti nemendur bæði á staðnum og á netinu, með það að markmiði að hjálpa þeim sem þurftu að fá meira út úr náminu, mæta betur og taka þátt í náminu og félagslífinu ásamt því að undirbúa sig fyrir lífið eftir skólann. Margir nemendur voru að undirbúa umsóknir um aðra skóla eftir útskrift, aðrir að undirbúa starfsferliskrá til að senda með atvinnuumsóknum.


Nemendaráð var í fyrsta sinn starfandi við skólann þetta skólaárið, það var flókið að koma því af stað þar sem skólinn er einungis eitt ár og því ekki um að ræða annars eða þriðja árs nemendur með reynslu og vísu að deila. Nemendur eiga líka fulltrúa í skólaráði skólans, og fannst nemendum frekar óljóst hver munurinn væri á þessum ráðum og til hvers væri ætlast af þeim sem buðu sig fram í þessi ráð. Þetta þarf að skýra vel fyrir komandi skólaár, endurskoða jafnvel tilgang skólaráðs og gera einhverjar leiðbeiningar fyrir nemendur svo vinna nemendaráðs eða skólaráðs nýtist betur og verði markviss.

Ingibjörg Guðmundsdóttir skólastjóri


Niðurstöður úr kennslukönnun 2020 - 2021

(sjá spurningar í Viðauka 1)


Mynd 1: Hugmyndir, heimurinn og þú – haustönn 2020



Mynd 2: Hugmyndir, heimurinn og þú – vorönn 2021



Mynd 3: Hafið, fjöllin og þú – haustönn 2020




Mynd 4: Hafið, fjöllin og þú – vorönn 2021




Niðurstöður úr sjálfsmati kennara 2020 – 2021

(sjá spurningar í Viðauka 2)

Mynd 5: Hugmyndir, heimurinn og þú – haustönn 2020



Mynd 6: Hugmyndir, heimurinn og þú – vorönn 2021



Mynd 7: Hafíð, fjöllin og þú – haustönn 2020




Mynd 8: Hafjið, fjöllin og þú – vorönn 2021




Niðurstöður úr könnun meðal útskrifaðra nemenda skólaárið 2020 – 2021


Mynd 9: Spurningar 1 - 4




Mynd 10: Spurningar 5, 7, 8 og 9




Mynd 11: Spurningar 10 - 13



Mynd 12: Spurningar 14, 16, 18 og 19



Mynd 12: Spurningar 22 - 23



Viðauki 1 – Spurningalisti – kennslukönnun 2020-2021

Mat á gæðum námskeiðs og kennslu

Vinsamlega fylltu út eftirfarandi spurningakönnun eftir bestu samvisku og ekki vera feimin(n) að segja þína skoðun. Með þínum svörum aðstoðar þú okkur við að bæta gæði námskeiða og kennslu. Þegar þú hefur lokið við að svara spurningum, brýtur þú blaðið saman og skilar því í umslag hjá kennslustjóra.

Athugaðu að svör þín eru nafnlaus og því ekki rekjanleg til þín!

Heiti námskeiðs: _____ Dagsetning: _____

Nafn kennara: _____

1. Þegar á heildina er lítið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með kennsluna á námskeiðinu?

___ Mjög ánægð(ur) ___ Frekar ánægð(ur) ___ Hvorki né ___ Frekar óánægð(ur) ___ Mjög óánægð(ur)

2. Hversu vel eða illa tókst kennaranum að vekja áhuga þinn á viðfangsefninu?

___ Mjög vel ___ Frekar vel ___ Hvorki né ___ Frekar illa ___ Mjög illa

3. Hversu mikið eða lítið fannst þér kennari hvetja nemendur til sjálfstæðra vinnubragða og gagnrýnnar hugsunar?

___ Mjög mikið ___ Frekar mikið ___ Hvorki né ___ Frekar lítið ___ Mjög lítið

4. Fannst þér kennari gera mikið eða lítið af því að veita þér og öðrum nemendum jákvæða og uppbyggilega endurgjöf á námskeiðinu?

___ Mjög mikið ___ Frekar mikið ___ Hvorki né ___ Frekar lítið ___ Mjög lítið

5. Fannst þér kennari notað mikið eða lítið fjölbreyttar aðferðir við koma kennsluefni til skila (t.d. hópavinnu, umræður, leiki eða annað)?

___ Mjög mikið ___ Frekar mikið ___ Hvorki né ___ Frekar lítið ___ Mjög lítið

6. Hvað fannst þér jákvæðast eða best við námskeiðið? _____

7. Hvað, ef eitthvað, hefði að þínu mati mátt vera betra við þetta námskeið?

Viðauki 2 – Spurningalisti – sjálfsmat kennara 2020-2021

Sjálfsmat kennara að námskeiði loknu

Heiti námskeiðs:

Dagsetningar:

Kennari/kennarar:

1. Hversu ánægð/ur ertu í heildina séð með námskeiðið þitt ?

___ mjög ánægð/ur ___ frekar ánægð/ur ___ hvorki né ___ frekar óánægð/ur ___ mjög óánægð/ur

2. Hversu vel fannst þér takast að uppfylla þau kennslumarkmið sem þú lagðir upp með í upphafi námskeiðs?

___ mjög vel ___ frekar vel ___ hvorki né ___ frekar illa ___ mjög illa

3. Hversu vel/illa fannst þér þú vera undirbúinn fyrir námskeiðið?

___ mjög vel ___ frekar vel ___ hvorki né ___ frekar illa ___ mjög illa

4. Hversu móttækilegir fannst þér nemendur vera fyrir efni námskeiðsins?

___ mjög móttækilegir ___ frekar móttækilegir ___ hvorki né ___ frekar lítið ___ mjög lítið

5. Hversu góð/slæm fannst þér upplýsingagjöf fyrir námskeiðið þitt vera? (tölvupóstsamskipti við kennslustjóra, kennsluhandbók etc.)

___ mjög góð ___ frekar góð ___ hvorki né ___ slæm ___ mjög slæm

1. Hvernig fannst þér námskeiðið almennt ganga hjá þér?

2. Einhverjar ábendingar til skólastjórnanda varðandi skipulag námskeiðs eða aðbúnað?

3. Annað sem þú vilt koma á framfæri?

Viðauki 3 – Spurningalisti – könnun meðal útskrifaðra 2020-2021

Könnun meðal Lýðskólanema skólaárið 2020-2021

Kæri útskrifaði Lýðskólanemi

Meðfylgjandi er spurningakönnun sem send er til allra nemenda sem stunduðu og luku námi við Lýðskólann á Flateyri skólaárið 2020-2021. Tilgangur könnunarinnar er að afla upplýsinga um viðhorf nemenda til skólustarfsins með það að markmiði að bæta gæði og upplifun í skólustarfinu.

Svör þín eru trúnaðarmál og nafn þitt kemur hvergi fram í svörum þínum við könnuninni og ekki er hægt að rekja svörin. Skólastjórnendur munu eingöngu hafa aðgang að samanteknum svörum allra svarenda og þess gætt afar vandlega að ekki verði hægt að rekja svör til einstakra nemenda.

Þátttaka þín er afar mikilvæg og það er okkur mikils virði að þú skulir vilja svara þessum spurningum. Þér er ekki skylt að svara spurningalistanum í heild né einstökum spurningum, en við vonum þó að þú svarir öllum spurningum.

Vinsamlega lestu hverja spurningu vandlega og svaraðu eins vel og þú getur. Þú svarar spurningum með því að smella í þann reit sem á við það svar sem þú vilt nota við hverja spurningu. Við nokkrar spurningar er beðið um að þú skrifir svör þín.

Það eru ekki til nein „rétt“ eða „röng“ svör við spurningunum. Svörin þín eiga að vera þau svör sem eru „rétt“ fyrir þig.

Með fyrir fram þökk fyrir þátttökuna

Inga, Gunnhildur og Juraj

Spurningar sem tengjast náminu og skólustarfi

1. Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með veru þína í Lýðskólanum á Flateyri veturinn 2020-2021.
 - a. Mjög ánægð(ur)
 - b. Frekar ánægð(ur)
 - c. Hvorki né
 - d. Frekar óánægð(ur)
 - e. Mjög óánægð(ur)
2. Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú myndir mæla með Lýðskólanum á Flateyri við vini og kunningja?
 - a. Mjög líklegt
 - b. Frekar líklegt
 - c. Hvorki né
 - d. Frekar ólíklegt
 - e. Mjög ólíklegt

3. Þegar á heildina er lítið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu þú með kennsluna á þinni braut?
 - a. Mjög ánægð(ur)
 - b. Frekar ánægð(ur)
 - c. Hvorki né
 - d. Frekar óánægð(ur)
 - e. Mjög óánægð(ur)

4. Þegar á heildina er lítið, hversu vel eða illa finnst þér hafa tekist til við að vekja áhuga þinn á ýmsu því sem kennt var á þinni braut?
 - a. Mjög vel
 - b. Frekar vel
 - c. Hvorki né
 - d. Frekar illa
 - e. Mjög illa

5. Þegar á heildina er lítið, hversu mikið eða lítið finnst þér þú hafa lært í þeim námskeiðum sem kennd voru á þinni braut?
 - a. Mjög mikið
 - b. Frekar mikið
 - c. Hvorki né
 - d. Frekar lítið
 - e. Mjög lítið

6. Hvaða námskeið á þinni braut stendur upp úr að þínu mati og af hverju?
 - a. Opin spurning

7. Þegar á heildina er lítið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með kennarana í skólaárinu?
 - a. Mjög ánægð(ur)
 - b. Frekar ánægð(ur)
 - c. Hvorki né
 - d. Frekar óánægð(ur)
 - e. Mjög óánægð(ur)

Spurningar um aðstöðu, skipulag og félagslíf

8. Hvernig fannst þér aðstaðan í skólahúsnæði til að stunda námið þitt?
 - a. Mjög góð
 - b. Frekar góð
 - c. Hvorki né
 - d. Frekar léleg
 - e. Mjög léleg

9. Hvernig fannst þér aðstaða til samveru og félagsstarfs nemenda ?
 - a. Mjög góð
 - b. Frekar góð
 - c. Hvorki né
 - d. Frekar léleg

Mjög léleg

10. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með samskipti skólastjórnenda við þig og aðra nemendur?
- a. Mjög ánægð(ur)
 - b. Frekar ánægð(ur)
 - c. Hvorki né
 - d. Frekar óánægð(ur)
 - e. Mjög óánægð(ur)
11. Hvernig fannst þér upplýsingaflæði frá stjórnendum vera um skólastarf, dagsskipulag og fleira?
- a. Mjög gott
 - b. Frekar gott
 - c. Hvorki né
 - d. Frekar slæmt
 - e. Mjög slæmt
12. Hvernig fannst þér félagslífið vera utan skólatíma?
- a. Mjög gott
 - b. Frekar gott
 - c. Hvorki né
 - d. Frekar slæmt
 - e. Mjög slæmt
13. Hvernig fannst þér aðstaðan á heimavist nemenda?
- a. Mjög góð
 - b. Frekar góð
 - c. Hvorki né
 - d. Frekar léleg
 - e. Mjög léleg
14. Hvernig fannst þér að búa á Flateyri?
- a. Mjög gott
 - b. Frekar gott
 - c. Hvorki né
 - d. Frekar slæmt
 - e. Mjög slæmt

Spurningar um veru þína við Lýðskólann á Flateyri síðasta vetur

15. Hver er helsta ástæða þess að þú ákvaðst að koma í Lýðskólann á Flateyri?
- a. Opin spurning
16. Hversu vel eða illa stóðst vera þín í Lýðskólanum á Flateyri síðasta vetur væntingar þínar ?
- a. Mjög vel
 - b. Frekar vel

- c. Hvorki né
- d. Frekar illa
- e. Mjög illa

17. Hvað var það sem helst stóðst ekki væntingar þínar í skólanum síðasta vetur?

- a. Opin spurning

18. Hversu vel eða illa finnst þér þú hafa stundað námið? (mæting og athygli í tímum)

- a. Mjög vel
- b. Frekar vel
- c. Hvorki né
- d. Frekar illa
- e. Mjög illa

19. Hefur vera þín í skólanum haft mikil eða lítil áhrif á þín næstu skref og framtíðaráform?

- a. Mjög mikið
- b. Frekar mikið
- c. Hvorki né
- d. Frekar lítið
- e. Mjög lítið

20. Hvað finnst þér þú helst hafa fengið út úr veru þinni á Flateyri og náminu við Lýðskólann síðasta vetur / Hvað er það mikilvægasta sem þú lærðir?

- a. Opin spurning

21. Að lokum: Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri í sambandi við skólann í heild, skipulag námsins eða annað?

- a. Opin spurning

Bakgrunnsspurningar

22. Á hvaða braut varst þú ?

- a. Hafið, fjöllin og þú
- b. Hugmyndir, heimurinn og þú

23. Veldu rétt kyn :

- a. Kvenkyns
- b. Karlkyns

24. Hvað ertu gömul/gamall?

Viðauki 4 – Spurningalisti – litið um öxl 2020-2021

Litið um öxl í lok samfélagsviku

1. Hvað stendur upp úr eftir önnina félagslega/utan skóla eða í hópnum?
2. Hvaða námskeið fannst þér skemmtilegast/áhugaverðast/lærðir mest í?
3. Hvaða námskeið fannst þér minnst áhugavert og út af hverju?
4. Hvað nýtt tekur þú með þér eftir önnina og inn í næsta ár?